



Gátlisti vegna umsóknar um skráningu  
aðila sem stunda gjaldeyrisskiptapjónustu og þjónustuveitenda sýndareigna  
skv. 35. gr. laga nr. 140/2018 og 3. gr. reglna nr. 151/2023 um skráningu  
gjaldeyrisskiptapjónustu og þjónustuveitenda sýndareigna

Nr. Efni

Umsókn skal vera skrifleg og undirrituð. Umsókninni skulu fylgja:

1.	<b>Sakavottorð.</b>
1.1	<b>Sakavottorð</b> sem kveður á um að skráningarskyldur aðili, raunverulegir eigendur hans, stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skráningarskylds aðila og hafi ekki á síðustu tíu árum hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað.
1.2	Séu skráningarskyldur aðili, stjórnendur skráningarskylds aðila eða raunverulegir eigendur skráningarskylds aðila frá öðru ríki skal fylgja <b>sambærilegt sakavottorð</b> samkvæmt lögum og reglum þess ríkis.
2.	<b>Staðfesting héraðsdóms.</b>
2.1	<b>Staðfesting héraðsdóms</b> í umdæmi skráningarskylds aðila, raunverulegra eigenda hans, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra skráningarskylds aðila, þess efnis að viðkomandi hafi undanfarin fimm ár ekki verið úrskurðaður gjaldþrota.
2.2	Séu skráningarskyldur aðili, stjórnendur skráningarskylds aðila eða raunverulegir eigendur skráningarskylds aðila frá öðru ríki skal fylgja <b>forræðisvottorð</b> samkvæmt lögum og reglum þess ríkis.
3.	<b>Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila samkvæmt spurningalista fjármálaeftirlitsins.</b>
3.1	Hafa skal samband við fjármálaeftirlitið er veitir frekari upplýsingar um þennan lið.
4.	<b>Upplýsingar um um stofnendur, raunverulega eigendur og hlut hvers og eins, aðalmenn og varamenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur ef það á við.</b>
5.	<b>Upplýsingar um starfsstöðvar skráningarskylds aðila, m.a. upplýsingar um heimilisföng, símanúmer og netföng.</b> <ul style="list-style-type: none"><li>Gerð er krafa um að skráningarskyldur aðili stundi starfsemi sína frá fastri starfsstöð hér á landi, sbr. 3. mgr. 35. gr. laga nr. 140/2018.</li></ul>
6.	<b>Greinargóð og ítarleg lýsing á fyrirhugaðri starfsemi, tilgangi hennar, hliðarstarfsemi, fjölda starfsmanna og skipurit fyrir starfsemina.</b>

7. Skriflegt áhættumat (ásamt aðferðafræði) sem inniheldur greiningu og mat á hættu á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi, sbr. A-lið 5. gr. laga nr. 140/2018.
8. Aðferðafræði við áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum, sbr. B-lið 5. gr. laga nr. 140/2018.
9. Skjalfest stefna um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. 5. gr. a laga nr. 140/2018.
10. Upplýsingar um stýringar til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka (s.s. upplýsingatæknikerfi, hvers konar takmarkanir, reglur eða annað sem stýrir áhættu.), sbr. 5. gr. a laga nr. 140/2018.
11. Verkferlar til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. 5. gr. a laga nr. 140/2018. Að lágmarki skulu vera verkferlar um eftirfarandi:
- áreiðanleikakönnun, sbr. III. kafli laganna.
  - reglubundið eftirlit, sbr. 4. mgr. 10. gr. laganna.
  - eftirlit með því hvort einstaklingar eru í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla, við upphaf viðskipta og reglubundið, sbr. 17. gr. laganna.
  - rannsókn á grunsamlegum viðskiptum, sbr. 3. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 21. gr. laganna, þar sem m.a. koma fram:
    - leiðbeiningar um hvað telst grunsamlegt og hvaða rauðu flög og váþætti ber að þekkja í starfseminni,
    - hvernig framkvæma á rannsókn,
    - hvernig greina á flóknar og óvenjulegar færslur, þ.á m óvenjulega háar færslur og viðskiptamynstur
    - kröfur til skriflegrar skýrslu
    - hvernig og hvert á að tilkynna grunsamleg viðskipti
  - tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu
  - könnun á hæfi starfsmanna þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:
    - hvaða athuganir skuli gerðar á ferli umsækjenda
    - í hvaða tilvikum skuli krafist sakarvottorðs eða annarra sambærilegra skilríkja um feril og fyrri störf
    - hvernig standa skuli að athugun áður en ráðning er gerð og með reglubundnum hætti, m.a. hvort ástæða sé til að fletta viðkomandi upp í opinberum skráum eða gagnagrunnum.
12. Upplýsingar um hvernig staðið skuli að því að framkvæma úttekt á og prófa innri stefnu, eftirlit og málsmeðferð, sbr. b-liður 5. gr. a laga nr. 140/2018.
13. Verklagsreglur þar sem kveðið er á um aðgang starfsmanna og aðgangstakmarkanir þeirra að gögnum og upplýsingum sem varðveitt eru á grundvelli laganna, 3. mgr. 28. gr. laga nr. 140/2018.
14. Spurningalisti sem lagður er fyrir viðskiptamenn vegna áreiðanleikakönnunar, sbr. III. kafli laga nr. 140/2018

15. Upplýsingar um hvernig fyrirhugað er að standa að þjálfun starfsmanna, m.a. fræðsluáætlun, sbr. 33. gr. laga nr. 140/2018.
16. Upplýsingar um nafn sérstaks ábyrgðarmanns sem tilnefndur hefur verið úr hópi stjórnenda ásamt netfangi viðkomandi, 34. gr. laga nr. 140/2018.
17. Ferlar og aðferðir tengdar eftirliti með því hvort viðskiptamenn eru á þvingunarlistum, sbr. 4. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 64/2019 þar sem m.a. kemur eftirfarandi fram:
  - i. hvernig skimun við upphaf viðskipta og reglulega á samningstímanum verður háttað,
  - ii. hvernig bregðast eigi við ef sannjálkvæðar niðurstöður koma upp og
  - iii. hvernig standa skuli að frýstingu fjármuna.
18. Ef skráningarskyldur aðili er frá öðru ríki er óskað staðfestingar frá þeim aðila sem hefur eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í viðkomandi ríki.

Í staðfestingunni skal koma fram að aðilinn sé undir eftirliti, hvernig því sé háttað og hvort hann uppfylli þær kröfur sem eftirlitsaðili gerir til starfseminnar.
19. Aðrar upplýsingar sem skráningarskyldur aðili telur nauðsynlegt að komi fram um viðkomandi starfsemi og í tengslum við ósk um skráningu.